

EFTIRLITSSKÝRSLA

Arctic Sea Farm ehf. Patreksfjörður og Tálknafjörður



Dags eftirlits	25.8.2025	Ábyrgðarmaður eftirlits	María Svavarsdóttir
Fyrirtæki	Arctic Sea Farm ehf.	Eftirlitsmaður	Auður Eyberg Helgadóttir
Heimili	Aðalstræti 20	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	700807-0450	Flokkur	Fiskeldi
Fulltrúi fyrirtækis	Guðmundur Ólafsson	ÍSAT nr.	
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Sex frávik komu fram í eftirliti: 1) Niðurstöðum hvíldarsýnartöku skilað inn of seint. 2) Ekki var tilkynnt til Umhverfis- og orkustofnunar um útsetningu seiða í Kvígindisdal. 3) Ársyfirliti var skilað of seint. 4) Grænu bókhaldi var skilað of seint. 5) Ófullnægjandi skráningar á grænu bókhaldi. 6) Ústreymisbókhaldi var skilað of seint.

UMFANG EFTIRLITS

Eftirlitið fór fram með vísan í 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit. Um er að ræða kvíaeldisstöð í Patreks- og Tálknafirði. Starfsleyfið heimilar eldi á laxfiskum og má hámarkslífsmassi ekki fara yfir 7.800 tonn á hverjum tíma. Leyfið nær til tveggja staðsetninga, Kvígindisdals við Patreksfjörð og Hvannadals við Tálknafjörð og gildir til 26. ágúst 2035.

Boðað umfang eftirlitsins:

- Farið yfir stöðuna frá síðasta eftirliti
- Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða
- Farið var yfir starfsleyfið og minnt á skil samkvæmt því
- Eftirlitsmælingar og skráningar
- Áætlanir og viðbrögð
- Umgengni og aðkoma kvíar
- Geymsla og meðhöndlun hættulegra efna
- Fylgiskjöl

- Níu frávik komu fram í eftirliti árið 2024 og hefur þeim öllum verið lokað.
- Farið var yfir áhættumat fyrir árið 2025 til ákvörðunar á tíðni eftirlits skv. 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit, og var það uppfært miðað við núverandi stöðu að eftirliti loknu.
- Heildarframleiðsla ársins 2024 var 1.263 tonn, fóðurnotkun var 1.243 tonn. Útsetning á seiðum í kvíar var frá 18. júní – 20. september 2024. Rekstraraðili tilkynnti ekki um útsetningu seiða í Kvígindisdal til eftirlitsaðila skv. gr. 3.2 í starfsleyfi og er það frávik. Niðurstöðum úr hvíldarsýnartöku var skilað of seint inn, 20. september 2024 og er frávikin því lokað. Ársyfirliti var ekki skilað inn fyrir 1. maí og er það frávik, ársyfirlitinu var skilað inn 24. júlí og er því frávikinu því lokað. Grænu bókhaldi var ekki skilað inn fyrir 1. maí og er það frávik, grænu bókhaldi var skilað 24. júlí og er frávikin því lokað. Ústreymisbókhaldi var ekki skilað inn fyrir 1. maí og er það því frávik, ústreymisbókhaldi var skilað inn 24. júlí og er frávikin því lokað. Ófullnægjandi skráningar voru í græna bókhaldinu, efnanotkun er ekki sundurliðuð fyrir hverja starfsstöð í sjókvíaelði fyrirtækisins heldur var notkun skipt jafnt á milli fjögurra starfsstöðva; 1. Dýrafjörðs, 2. Arnarfjörðs, 3. Patreks- og Tálknafjörðs og 4. Ísafjörðs og er það frávik.
- Samkvæmt útreikningum var heildarlosun fosfórs út frá fóðri var 6,4 kg P/tonn sem er innan leyfilegra marka samkvæmt starfsleyfi. Samkvæmt hámarkssýnartöku sem var framkvæmd í júní 2023 af AquaplanNiva í Kvígindisdal þá mældist kopar 45,8 mg/kg sem fellur undir umhverfismörk II „lág gildi“ samkvæmt viðmiðum í reglugerð 796/1999. Hvíldarsýnataka fór fram í maí 2024 Kvígindisdal, en henni var skilað inn til Umhverfis- og orkustofnunar 20. september 2024. Svæðið fær einkunn mjög gott og niðurstöður gefa til kynna gott náttúrulegt ástand svæðanna.
- Tryggingar, áhættumat og viðbragðsáætlun vegna hættu á mengun hafs og stranda eru fullnægjandi og uppfærðar.
- Farið var í skoðunarferð á kvíar og í pramma í Kvígindisdal, prammi var snyrtilegur og kvíar líka. Farið var í skoðunarferð í Hvannadal, þar var enginn fóðurprammi og er handfóðrað í kvíar þar til að prammi verður keyptur. Kvíar líta vel út.

7. Um borð í prammanum Patreksfirði voru efni geymd á lekabyttum og öryggisblöð á staðnum. Meltugeymir var vel merktur. Enginn prammi var í Tálknafirði.

Farið var yfir breytt verklag Umhverfis- og orkustofnunar við eftirlit en frá og með 1. maí mun stofnunin fara yfir þau gögn sem henni berast frá rekstraraðilum sama ár og þau berast. Nýjar leiðbeiningar um olíuskiljur eru sendar öllum rekstraraðilum. Farið var stuttlega yfir nýju leiðbeiningarnar.

Frávik frá	Lýsing á fráviki
Gr. 3.2 í starfsleyfi.	Hvíldarsýnartaka þarf að liggja fyrir um vöktun eldissvæðis tveimur vikum fyrir útsetningu seiða. Sett voru út seiði 18. júní -20. september 2024. Niðurstöður hvíldarsýnartöku bárust 20. september 2025 sem er frávik. Frávikinu er lokað þar sem gögnin hafa borist.
Gr. 3.2 í starfsleyfi.	Tilkynna þarf eftirlitsaðila Umhverfis og orkustofnunar hvenær áætlað er að seiði verði sett út í kvíar, með a.m.k. tveggja vikna fyrirvara. Ekki var tilkynnt um útsetningu seiða í Kvígindisdal og er það frávik.
Gr. 4.2 í starfsleyfi.	Ársyfirliti fyrir árið 2024 var ekki skilað inn fyrir 1. maí 2025, en því var skilað inn 24. júlí 2025 og er því frávikin lokað.
Gr. 4.3 í starfsleyfi.	Grænu bókhaldi fyrir árið 2024 var ekki skilað inn fyrir 1. maí 2025, en því var skilað 24. júlí 2025 og er því frávikin lokað.
Gr. 4.3 í starfsleyfi.	Ófullnægjandi skráningar voru í grænu bókhaldi og er það frávik.
Samkv. Reglugerð nr.990 viðauki I, 7 b.	Þar sem framleiðslugeta er yfir 1000 tonn á að skila útstreymisbókhaldi fyrir 1. maí. Útstreymisbókhaldið fyrir árið 2024 barst ekki fyrr en 24. júlí 2025 og er því frávikin lokað.

ÁBENDINGAR

Ein ábending: Rekstraraðili var minntur á að gr. 3.2 um hvíldartíma í starfsleyfi kemur fram að rekstraraðili þarf að tilkynna Umhverfis- og orkustofnunar um hvenær áætlað er að seiði verði sett út í kvíar, með a.m.k. tveggja vikna fyrirvara. Þá þurfa einnig að liggja fyrir upplýsingar um vöktun eldissvæðanna. Umhverfis- og orkustofnun getur einhliða frestað útsetningu seiða eftir hvíld, bendi niðurstöður til þess að umhverfisaðstæður séu óhagstæðar á sjókvíaeldissvæði, að mati Umhverfis- og orkustofnunar.

ANNAÐ

Engin mengunaráhöpp eða kvartanir eru skráðar hjá rekstraraðila eða eftirlitsaðila frá því að síðasta eftirlit fór fram.

Reykjavík, 15.10.2025

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

María Svavarsdóttir